

Námsáætlun í samfélagsgreinum

Kennarar:Eygló Hilmarsdóttir, Jenný Björk Olsen og Jóhanna Reynisdóttir

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, svo sem réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð. Markmið samfélagsfræðigreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Hver fræðigrein innan samfélags- greinanna gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Lífsleikni, siðfræði og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styrkja áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

Haust - viðfangsefni - námsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Vor - viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
Ágúst - september Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta. Könnun kortin 2 Halló heimur 3	• Að nemendur þekki áttirnar. • Geti lesið úr hnitum, mælingum, kortalestur og lestur á myndritum. • Að nemendur kynnist hvernig Ísland varð til. • Hvernig umhorfs var á Íslandi áður en dýralíf). • Kynnist landnámi Íslands og nokkrum af fyrstu landnámsmönnum. • Kynnist því hvernig landnámsmenn helguðu sér landsvæði. • Að nemendur þekki daglegt líf fólks á Íslandi fyrr á tímum. • Að nemendur skilji mikilvægi náttúrunnar eins og árstíðaskipta, veðurfars og landslags. • Að nemendur þekki uppruna séríslenskra fæðutegunda og hugtök sem þeim tengjast.	Símat	Janúar - febrúar Könnun kortin 2 Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.	• Fjallað um jörðina, sólina, tunglið, reikistjörnur í sólkerfinu okkar og fleira. • Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. • Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. • Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. • Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. • Skráð atburði og/eða athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. • Afilað sér upplýsinga er varða náttúruna. • Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.	Símat
September - október Könnun kortin 2 Ég er nóg Halló heimur 3 Trúarbragðafræði Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.		Símat	Febrúar - mars Könnun kortin 2 Komdu og skoðaðu himingeiminn Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.		Símat

				• Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. • Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð. • Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. • Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. • Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa • Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.		
Október - nóvember Könnum kortin 2 Halló heimur 3 Trúarbragðafræði Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.			mars -apríl Könnum kortin 2 Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.		Símat	
Nóvember - desember Könnum kortin 2 Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.		Símat	Apríl - maí Könnum kortin 2 Komdu og skoðaðu hringrásirnar Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.	• Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú. • Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.	Símat	
			Maí - júní Könnum kortin 2 Komdu og skoðaðu hringrásirnar Skólareglur, bekkjarreglur, samvinna og vinátta.		Símat	

--	--	--	--	--	--	--